

# Stefna Leikskóla Reykjavíkur í umhverfismálum.



**Leikskólar Reykjavíkur sýni vistvernd í verki  
með því að börn og starfsfólk umgangist náttúru og  
umhverfi með virðingu**

## **Markmið**

Að auka vitund barna, foreldra og starfsfólks um vistvernd og góða umgengni við umhverfið og náttúruna og að umhverfismennt verði fastur liður í uppeldi og menntun leikskólabarna.

## **Leiðir**

- Að vinna markvisst að umhverfismenntun leikskólabarna með því að gefa þeim færi á að kynnast náttúrunni og njóta hennar án þess að skaða hana.
- Að auka umhverfisvitund með fræðslu og verkefnum innan leikskólans sem utan.
- Að flokka sorp, sem til fellur í leikskólanum s.s.pappír, umbúðir og úrgang.
- Að kaupa vistvænar vörur eftir því sem kostur er.
- Að fara sparlega með vatn og rafmagn í leikskólanum.
- Að takmarka notkun spilliefna í leikskólanum.
- Að halda umbúðum og úrgangi sem berst til leikskólans í lágmarki.
- Að endurnýta innan leikskólans allt sem mögulegt er og flytja annan úrgang til móttökustöðva Sorpu.

**Búum til betri heim – vinnum með börnunum!**

---